

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni heilbrigðisstofnana.

1. *Hvaða lögbundnu verkefnum sinna Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Heilbrigðisstofnun Vesturlands?*

Í 6. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, er kveðið á um að í hverju heilbrigðisumdæmi skuli starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem veita almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu. Heilbrigðisstofnanir sem veita almenna heilbrigðisþjónustu í hverju umdæmi skuli hafa með sér samstarf um skipulag heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Í reglugerð nr. 1084/2014, um heilbrigðisumdæmi, er landinu skipt upp í sjö heilbrigðisumdæmi:

1. Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins.
2. Heilbrigðisumdæmi Vesturlands.
3. Heilbrigðisumdæmi Vestfjarða.
4. Heilbrigðisumdæmi Norðurlands.
5. Heilbrigðisumdæmi Austurlands.
6. Heilbrigðisumdæmi Suðurlands.
7. Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja.

Í 2. tölul. 4. gr. laga um heilbrigðisþjónustu er almenn heilbrigðisþjónusta skilgreind sem heilsugæsla, almenn sjúkrahúsþjónusta og þjónusta og hjúkrun á hjúkrunarheimilum, í hjúkrunar- og dvalarrýmum stofnana og í dagdvöl.

Í 1. mgr. 14. gr. fyrrgreindra laga er hlutverk heilbrigðisstofnana í heilbrigðisumdæmum skilgreint frekar en þar kemur fram að þær skuli hafa með höndum starfrækslu heilsugæslustöðva og umdæmissjúkrahúsa sem veiti almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu. Í 2. mgr. 14. gr. kemur að auki fram að þær skuli taka að sér kennslu heilbrigðisstétta á grundvelli samninga við menntastofnanir, kennslusjúkrahús eða háskólasjúkrahús.

Í 1. mgr. 18. gr. kemur fram að á umdæmissjúkrahúsum skuli veitt almenn sjúkrahúsþjónusta, m.a. á göngu- og dagdeildum eftir því sem við eigi. Í tengslum við þau skuli að jafnaði einnig vera hjúkrunarrými. Á umdæmissjúkrahúsum skuli að jafnaði vera fæðingarhjálp, séu faglegar kröfur uppfylltar, og önnur heilbrigðisþjónusta sem sjúkrahúsinu sé falið að veita eða samið hafi verið um samkvæmt ákvæðum VII. kafla og lögum um sjúkratryggingar, enda uppfylli sjúkrahúsið faglegar kröfur til að veita þá þjónustu.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna þessara heilbrigðisstofnana og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Heildarfjárveiting til heilbrigðisráðuneytis samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2020 eru 26.483 millj. kr. fyrir heilbrigðisstofnanir allar að frádregnum sértekjum. Fjárveitingar eru ekki sundurliðaðar eftir lögbundnum verkefnum ráðuneytis í fjárlögum. Eftirfarandi skipting niður á viðföng kemur fram í fylgiriti með fjárlögum:

	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	4.994,2
	<i>Heilsugæslusvið</i>	<i>1.962,8</i>
08-716.101	Heilsugæslusvið	1.959,3
08-716.611	Tæki og búnaður	3,5
	<i>Sjúkrasvið</i>	<i>2.548,2</i>
08-716.111	Sjúkrasvið	2.514,3
08-716.601	Tæki og búnaður	33,9
	<i>Hjúkrunarrými</i>	<i>483,2</i>
08-716.121	Hjúkrunarrými	482,2
08-716.621	Tæki og búnaður	1,0
08-726	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	2.581,4
	<i>Heilsugæslusvið</i>	<i>985,7</i>
08-726.101	Heilsugæslusvið	983,5
08-726.611	Tæki og búnaður	2,2
	<i>Sjúkrasvið</i>	<i>864,4</i>
08-726.111	Sjúkrasvið	859,8
08-726.601	Tæki og búnaður	4,6
	<i>Hjúkrunarrými</i>	<i>731,3</i>
08-726.121	Hjúkrunarrými	725,0
08-726.621	Tæki og búnaður	6,3
08-757	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	6.028,3
	<i>Heilsugæslusvið</i>	<i>3.533,0</i>
08-757.101	Heilsugæslusvið	3.508,5
08-757.611	Tæki og búnaður	24,5
	<i>Sjúkrasvið</i>	<i>1.027,8</i>
08-757.111	Sjúkrasvið	1.013,0
08-757.601	Tæki og búnaður	14,8
	<i>Hjúkrunarrými</i>	<i>1.467,5</i>
08-757.121	Hjúkrunarrými	1.466,5
08-757.621	Tæki og búnaður	1,0

08-777	Heilbrigðisstofnun Austurlands	3.884,2
	<i>Heilsugæslusvið</i>	<i>1.870,3</i>
08-777.101	Heilsugæslusvið	1.861,9
08-777.611	Tæki og búnaður	8,4
	<i>Sjúkrasvið</i>	<i>1.234,3</i>
08-777.111	Sjúkrasvið	1.223,6
08-777.601	Tæki og búnaður	10,7
	<i>Hjúkrunarrými</i>	<i>779,6</i>
08-777.121	Hjúkrunarrými	779,6
08-787	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	5.791,7
	<i>Heilsugæslusvið</i>	<i>3.342,7</i>
08-787.101	Heilsugæslusvið	3.330,1
08-787.611	Tæki og búnaður	12,6
	<i>Sjúkrasvið</i>	<i>1.829,6</i>
08-787.111	Sjúkrasvið	1.795,7
08-787.601	Tæki og búnaður	33,9
	<i>Hjúkrunarrými</i>	<i>619,4</i>
08-787.121	Hjúkrunarrými	618,4
08-787.621	Tæki og búnaður	1,0
08-791	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	3.203,4
	<i>Heilsugæslusvið</i>	<i>1.839,7</i>
08-791.101	Heilsugæslusvið	1.831,9
08-791.611	Tæki og búnaður	7,8
	<i>Sjúkrasvið</i>	<i>1.027,8</i>
08-791.111	Sjúkrasvið	1.016,2
08-791.601	Tæki og búnaður	11,6
	<i>Hjúkrunarrými</i>	<i>335,9</i>
08-791.121	Hjúkrunarrými	335,9